

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir
nordur- og austur-umdæminu, um lestagjald af
skipum hins danska fiskifélags.

1870.

1. marz.

Útaf spurningu, sem upp hefir verið borin fyrir stjórnarráðið um það, hvort greiða skuli lestagjald af skipum hins danska fiskifélags: *Thomas Roys*, „Skallagrími“ og „Garðari“, samkvæmt lögum 15. apríl 1854 gr. 4., þarsem þau tvö skipin, sem fyrst eru nefnd, árið 1867 sigldu frá Austfjörðum, hlaðin því, sem fengizt hafði af hvölum, og „Garðar“ hlaðinn saltfiski, sem Seyðisfirðingar höfðu aflað að nokkrum hluta og flutt nýjan út á skipin, jafnframt og nokkrir hestar voru fluttir á *Thomas Roys*, lét stjórnarráðið það í ljósi í bréfi 24. desembr. 1868, að því leyti sem það mál snertir, hvort tæð verzlunarlög yfirhöfuð að tala snerti hið danska fiskifélag og að hverju leyti: að ekki bæri að heimta lestagjald af skipum fiskifélagsins, ef þau aðeins sé höfð til afla, til flutnings á veiðarfærum og afflanum sjálfum, og var skorað á yður, að segja sýslumönnum til um þetta; það var og jafnframt lagt fyrir yður, herra amtmaður, að heimta skýrslur um þessi tilgreindu þrjú atriði frá sýslumönnum útaf því, sem stjórnari félagsins, „Kaptainlieutenant“ *Hammer*, hefir borið fyrir sig í þessu efni féluginu til afsökunar.

Eftir að stjórnarráðið með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 4. septbrn. f. á., hefir fengið skýrslur þessar, sem ranglega byggja á því, að bréf stjórnarráðsins 24. desembr. 1868 sé ekki endilegur úrskurður á hinni almennu spurningu í þessu máli, sem getið er um að framan, og leiða fram þær mótbárur, er mætti koma fram með gegn þeirri þýðingu laganna 15. apríl 1854, sem stjórnarráðið hefir framfylgt, gefst yður hérmeð til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér kunngjörði það, að eins og ekki verður heimtað lestagjald af skipunum „Skallagrími“ og *Thomas Roys* fyrir það, að á þeim hafi verið fluttur hvalaflí, eða af skipinu „Garðari“ fyrir flutning á saltfiski, samkvæmt grundvallarreglunni í hinu nefnda bréfi stjórnarráðsins, þannig mun stjórnarráðið þeirra atvika vegna, sem stjórnari félagsins hefir tilfært í bænarskrá 14. nóvbr. 1868, er yður áður hefir verið sent

1870.

1. marz.

eptirrit af, og sem hlutaðeigandi sýslumaður hefir játað, að sè sönn, ekki fylgja því fram, að greidt verði lestagjald hvorki af þeim hestum, er fluttir voru með *Thomas Roys* árið 1867, nè af saltfiski þeim, sem „Garðar“ flutti sama árið, og innlendir fiskimenn höfðu aflað og selt fiskifélaginu nýjan.

5. marz.

22. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk til forngripasafnsins í Reykjavík.

Í bænarskrá, sem þér herra stiptamtmaður sem konungsfulltrúi á alþingi Íslendinga með bræfi, dagsettu 21. septbrm. f. á., hafið sent dómsmálastjórninni, en hún hefir aptur sent hingað, hefir alþingi farið þess á leit, að 300 rd. styrkur á ári verði veittur til forngripasafnsins í Reykjavík og til þóknunar handa þeim mönnum, er hafa umsjón yfir safninu, fyrst um sinn úr ríkissjóðnum, þangað til fjárhagur Danmerkur og Íslands sè orðinn greindur í sundur, eða, ef þetta ekki fæst, að þá megi verja jafnmiklu fè í þessu skyni af þeim peningum, sem samkvæmt fjárhagslögnum eru ætlaðir til óvissra útgjalda fyrir Ísland, og það verði falið á hendur stiptsyfirvöldum Íslands að tiltaka, hve miklu af styrknum megi verja til þóknunar handa umsjónarmönnum.

Stjórnarráðið treystir sèr ekki til að koma því til leiðar, að árlegur styrkur verði veittur safninu úr ríkissjóðnum í fjárhagslögnum; en yður er jafnframt hërmeð gefið til vitundar, til leiðbeiningar og frekari framkvæmda, að stjórnarráðið þykist eiga kost á, eptir því sem ástatt er, að veita fyrir eitt skipti án skuldbindingar eptirleiðis 500 rd. styrk handa forngripasafninu af því fè, sem veitt er með fjárhagslögum þessa árs 20. gr. VI. C., og má verja þessum styrk til safnsins eptir því, sem þér, herra stiptamtmaður, ákveðið.

Því skal viðbætt, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað landfógetanum, að borga yður fè þetta úr jarðabókarsjóðnum, þá er þér æstið þess.